

12.08.2024

Til Menntaráðs Kópavogsbæjar

Tillaga Tryggva Felixsonar, fulltrúa Vina Kópavogs í menntaráði

Aðgerðir til að uppfylla kröfur um innra og ytra mat á grunnskólum í Kópavogi

Tillaga

Menntaráð samþykkir að setja á laggirnar vinnuhóp til að undirbúa tillögur um reglulegt innra og ytra mat á námi í grunnskólum bæjarfélagsins. Vinnuhópurinn taki m.a. saman og greini með hvaða hætti Kópavogsbær hefur uppfyllt kröfur um innra og ytra mat í grunnskólum bæjarfélagsins undanfarin 5 ár. Menntasviði (sviðsstjóra menntasviðs) er falið að undirbúa tillögu að erindisbréfi og skipan vinnuhópsins og leggja fyrir næsta fund menntaráðs. Markmiðið með skipan vinnuhópsins er að tillögur um úrbætur til að stuðla að samræmdu, skilvirku og reglubundnu innra og ytra mati í grunnskólum bæjarfélagsins. Tillögur til úrbóta verði lagðar fyrir menntaráð sem fyrst og komi til framkvæmda eigi síðar en á árinu 2025. Þær verði jafnframt nýttar til að endurskoða menntastefnu Kópavogsbæjar. Vinnuhópurinn skili menntaráði stöðuskýrslum í samræmi við framvindu vinnunnar.

Greinargerð

Kópavogsbær ber ábyrgð á rekstri og gæðum grunnskóla bæjarfélagsins og veitir umtalsverðum hluta tekna sinna til starfsemi þeirra. Samkvæmt 9. gr. erindisbréfs menntaráðs Kópavogs skal ráðið sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008. Þá skal ráðið fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi, sbr. 2. mgr. 37. gr. grunnskólalaga, nr. 91/2008.

Í leiðbeiningum menntamálaráðuneytisins (2016) um innra mat í grunnskólum, sem hér fylgja, kemur fram að mat sé óaðskiljanlegur hluti af skólastarfi. Greina þurfi niðurstöður í styrkleika og þætti sem þarfnast umbóta. Gera þurfi áætlun um umbætur, koma henni í framkvæmd og meta hvernig til tekst. Helstu niðurstöður og áætlanir um umbætur eigi að birta opinberlega. Ein af forsendum virks innra mats sé sameiginleg sýn á gagnsemi þess og því er mikilvægt að hagsmunahópar ræði tilgang matsins, hverjum það gagnist og hvernig. Ársskýrslu menntamálastofnunar 2021 um ytra mat á grunnskólum lýkur með þeirri niðurstöðu að innra mat í grunnskólum hafi styrkst en hafi ekki enn náð að festa sig í sessi hjá öllum skólum. Í ytra mati á skólunum sjáist oftast en ekki að innra matið sé einungis unnið af stjórnendum og aðkoma starfsfólks, nemenda og annarra hagsmunaaðila sé fremur lítil.

Nýjasta PISA könnunin leiddi í ljós að skilningur barna á læsi, stærðfræði og náttúrufræðum er lakari í íslenskum grunnskólum en að meðaltali í OECD ríkjum og annars staðar á Norðurlöndum. Sigið hefur á ógæfuhliðina samkvæmt síðustu mælingum. Tiltæk gögn eru þó of almenn til að þau gagnist sveitarfélögum í umbótavinnu og aðgerðum. Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur kynnt að verkefni þess framundan felist meðal annars í að ný Miðstöð menntunar og skólaþjónustu vinni að heildstæðri skólaþjónustu, og auki stuðning við námsgagnagerð og miðlun gæðaviðmiða. Jafnframt er henni ætlað að auka stuðning og ráðgjöf við kennara og fagfólk á öllum skólastigum. Þá er áhersla á að efla innra mat og fylgja niðurstöðum eftir með umbótum. Það er einmitt hlutverk sveitarfélaganna sem annast starfsemi og rekstur grunnskólanna.

Menntaráð hefur á þessu kjörtímabili hvorki fengið greinargerðir um ytra mat á grunnskóla í Kópavogi né heldur innra mat í einstökum skólum og umbætur á grunni þess. Niðurstöður síðustu PISA könnun hafa ekki nýst til að meta stöðuna. Hlutverk menntaráðs Kópavogs er að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi, sbr. 2. mgr. 37. gr. grunnskólalaga, nr. 91/2008.

Mennta-málaráðherra birti nýverið áform um að innleiða námsmatskerfi sem fengið hefur nafnið Matsferill. Það mun eflaust koma að gagni þegar fram líða stundir til að meta stöðuna. En ef að líkum lætur verður þetta kerfi ekki farið að skila niðurstöðum að neinu gagni fyrir en eftir nokkur ár.

Öflugt bæjarfélag eins og Kópavogur á að sýna frumkvæði og hafa getu til að stuðla að því að þessi mál komist í gott horf. Niðurstöður úr innra og ytra mati og könnunum á að nota til stefnumótunar og þeirra umbóta sem menntaráð ber ábyrgð á. Vinnuhópnum, sem hér er lagt til að verði skipaður, er ætlað að fara yfir hvernig innra og ytra mati hefur verið sinnt undanfarin 5 ár í skólum Kópavogs og gera tillögur um úrbætur til að koma málum í betra horf. Jafnframt verði tekið mið af hinum almennu niðurstöðum úr PISA könnunum um lakari stöðu drengja en stúlkna og sérstaka erfiðleika grunnskólabarna af erlendum uppruna. Skýrslu vinnuhópsins til menntaráðs skal skilað eigi síðar en um áramót og nýta á vinnuna í umbótaáætlunum og endurskoðun á áherslum og aðgerðum í menntastefnu bæjarfélagsins.

Gögn

[LEIÐBEININGAR UM INNRA MAT GRUNNSKÓLA](#)

[658/2009 Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald](#)

[Menntamálastofnun; nánar um ytra mat](#)

<https://island.is/s/midstod-menntunar-og-skolathjonustu/frett/matsferill-i-stad-samraemdra-profa>